

## 108. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 5. maí 2020

### Fundargerð

Fundurinn var haldinn í fjarfundarbúnaði og hófst hann kl 13:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Sæunn Stefánsdóttir og Práinn Lárusson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins undir lið 4 og 5 var María Hjálmarsdóttir verkefnastjóri hjá Austurbrú.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

#### 1.Fundargerð 107. fundar stjórnar til samþykktar

*Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð næst þegar stjórn kemur saman.*

#### 2.Undirbúningur ársfundar og málþings

*Framkvæmdastjóri fór yfir tímalínu vegna ársfundar og málþings sem haldin verða þann 23.júní í Fjarðabyggð. Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá málþingsins þar sem umfjöllunarefnið verður málefni fólks af erlendum uppruna. Ef fjöldatakmarkanir verða enn í gildi þá verður málþingið boðsþing sem verði auk þess sent út á vefnum annað hvort í rauntíma eða með því að upptökur að erindum verða gerðar aðgengilegar á vef Austurbrúar.*

#### 3.Persónuverndarstefna

*Framkvæmdastóri kynnti persónuverndarstefnu Austurbrúar og persónuverndaryfirlýsingu. Bæði skjölin hafa hlotið umfjöllun hjá starfsháttanefnd sem hefur samþykkt þau fyrir sitt leiti. Stjórn samþykkir Innri persónuverndarstefnu Austurbrúar sem og Persónuverndaryfirlýsingu Austurbrúar. Fram kemur að persónuverndaryfirlýsingin skuli endurskoðuð árlega.*

#### **4. Markaðsátak 2020**

María Hjálmarsdóttir verkefnastjóri Austurbrúar kom inn á fundinn og kynnti nýtt markaðsátak sem tekur mið af breyttum aðstæðum. Markmiðið er að ná til íslenskra ferðamanna í sumar, bæði fjölskyldna og einstaklinga. Stefnt er að því að herferðin fari af stað um leið og herferð ferðamálastofu. Ýmis mál er tengjast átakinu voru til umfjöllunar s.s. skiltamál o.fl.

#### **5. Efling Egilsstaðaflugvallar**

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála. Verið er að vinna í verkefninu þrátt fyrir óvissuna sem ríkir í dag.

#### **6. Önnur mál**

##### **6.1. Austfirskt fullveldi-sjálfbært fullveldi**

Framkvæmdastjóri sagði frá því að samstarfsverkefni sem Austurbrú leiddi og bara yfirskriftina “Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?” hefði verið tilnefnt til safnaverðlauna 2020. Stjórn óskar öllum aðilum samstarfsverkefnisins til hamingju með tilnefninguna.

##### **6.2. Byggðarráðstefna**

Kynnt var bréf frá Byggðastofnun þar sem fram kom að stefnt væri að því að halda byggðarráðstefnu 13.-14. Október á Hótel Kötlu á Höfðabrekku í Mýrdal. Umfjöllunarefni ráðstefnunar er Menntun án staðsetningar. Framkvæmdastjóri óskaði eftir tillögum frá stjórn að umfjöllunarefni.

##### **6.3. Nýsköpunarsjóður námsmanna.**

Framkvæmdastjóri sagði frá því að í kjölfar auglýsingar þá hafi nokkrir námsmenn sett sig í samband við Austurbrú varðandi umsókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna. Hafa starfsmenn stutt við og tengt nemendur við aðila í umhverfinu svo þeir geti sótt í sjóðinn.

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 14:30

Næsti fundur verður haldinn þann 9.júní.

---

Einar Már Sigurðarson

---

Gunnar Jónsson

---

Hildur Þórisdóttir

---

Pálína Margeirsdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Þráinn Lárusson

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Sæunn Stefánsdóttir

---

Sigríður Bragadóttir